

**285. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ fimmtudaginn 5. nóvember 2020, kl. 16.00.**

**Mætt:** Haraldur Helgason, formaður, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Ingvi Hákonarson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Inga Rut Hlökkversdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri og Ásmundur E. Þorkelsson (fundarritari). Eftirfarandi tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað: Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur og J. Trausti Jónsson starfsmaður HES. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda og Hanna Björg Konráðsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar komu ekki á fundinn.

**Dagskrá:**

1. Starfsleyfi
2. Umhverfismál
3. Fjárhagsáætlun 2021
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn, færði fundarritara árnaðarósk í tilefni fimmtugsafmælis og gengið var til dagskrár.

**1. Starfsleyfi**

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.**

**Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

- Reykjanesbær v. Háaleitisskóla, kt. 470794-2169, Lindarbraut 624, 262 Reykjanesbæ til að reka grunnskóla með mótuneyti.
- HBRT ehf., kt. 670420-0430, Iðjustíg 1a, 260 Reykjanesbæ til að reka veitingahús.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfis er 12 ár, nema annað sé tekið fram.**

**Fyrirtæki í auglýsingaferli.**

- PGV framtidarform ehf., kt. 680610-1420, Ægisgata 2, 250 Grindavík til reksturs vinnslu á plastefnum.
- McRent Iceland ehf., kt. 470313-0560, Smiðjuvellir 5a, 230 Reykjanesbæ, til reksturs bílaleigu með þvottaaðstöðu.
- Airport Associates, kt. 610806-0230, Fálkavöllur 7, 235 Keflavíkflugvöllur til reksturs flugafgreiðslu.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Víkurbraut 31, 240 Grindavík, til reksturs sjálfsafgreiðslu bensínstöð.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Hafnargata 15, 240 Grindavík, til reksturs sjálfsafgreiðslu bensínstöð.
- Bláa Lónið Heilsuvörur ehf., kt. 671296-2816, Norðurljósavegi 5, 240 Grindavík, til reksturs hreinlætisvöruframleiðslu, handspritt.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma.

**2. Umhverfismál.**

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja felur Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda, samkvæmt lögum nr. 7/1998, á eftirtöldum lóðum:

**Reykjanesbær**

Kliftröð 1-5, meðfram og fyrir aftan

Kliftröð 7

**3. Fjárhagsáætlun 2021**

Áætlunin var lögð fram, tekin til umræðu og samþykkt.

**4. Önnur mál.**

Kynt var umsókn Nesfisks í Garði um endurnýjun starfsleyfis fyrir fiskvinnslu í Garði.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:15.